

Lagabreytingartillögur stjórnar GM fyrir aðalfund 2016.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. og 3. gr. laganna:

5. mgr. 2. gr. orðast svo: Úrsögn félagsmanna miðast við áramót og skal úrsögn send með sannanlegum hætti.

1. mgr. 3. gr. orðast svo: Stjórn félagsins ákveður félagsgjöld og leggur fyrir aðalfund til staðfestingar.

2. mgr. 3. gr. orðast svo: Heimilt er að ákveða að samhliða almennum einstaklingsgjöldum skuli innheimta sérstök afsláttargjöld, t.d. barna- og unglingagjöld og gjöld fyrir eldri félagsmenn. Stjórn er heimilt að taka upp inntökugjald vegna nýrra félagsmanna. Þá er stjórn heimilt að fella niður eða veita afslætti af félagsgjöldum í undantekningartilvikum þjóni það hagsmunum félagsins, svo sem þegar um sértækar aðgerðir til fjölgunar félagsmanna er að ræða.

4. mgr. 3. gr. orðast svo: Heimilt er að fella félagsmann af félagaskrá vegna greiðslubrests. Stjórn félagsins getur sett nánari reglur um innheimtu félagsgjalda og viðurlög við greiðslubresti.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

1. mgr. 4. gr. orðast svo: Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins. Aðalfund skal halda fyrir 31. desember ár hvert og skal boða til hans með dagskrá með tölvupósti til félagsmanna og á vefsvæði félagsins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi: Heimilt er að bera upp á aðalfundi tillögur til breytinga á þeim lagabreytingatillögum sem kynntar hafa verið félagsmönnum. Þó er fundarstjóra heimilt að hafna því að taka slíkar breytingartillögur á dagskrá sé um veruleg efnisleg frávík að ræða frá upphaflegum tillögum.

3. mgr. gildandi laga verður 4. mgr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

5. gr. orðast svo:

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins.
3. Áritaðir reikningar kynntir.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar.
6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt.
7. Ákvörðun félagsgjalda.

8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna reikninga.

9. Kosning aganefndar og kjörnefndar.

10. Önnur mál.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

2. mgr. 6. gr. orðast svo: Fundarstjóra er heimilt að leggja til samþykktar boðun framhaldsaðalfundar telji hann þörf á slíku.

3. mgr. 6. gr. orðast svo: Framhaldsaðalfundur skal fara fram innan fjögurra vikna frá aðalfundi og skal boðað til hans með sama hætti og til aðalfundar félagsins, en með að lágmarki þriggja daga fyrirvara.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

2. mgr. 8. gr. orðast svo: Stjórn félagsins skipa sjö menn; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, þrír meðstjórnendur og fjórir til vara. Er hver þeirra um sig kosinn til eins árs í senn. Formann skal kjósa sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum. Ef þrír varamenn taka sæti í stjórn á milli aðalfunda, er kjörnefnd heimilt að leggja til boðun félagsfundar til að kjósa nýja varamenn.

Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi: Á aðalfundi skal kjósa þrjá félagsmenn í kjörnefnd til að annast framkvæmd kjörs til stjórnar félagsins á næsta aðalfundi. Framboð til formanns-, stjórnar- og varastjórnarkjörs skulu berast nefndinni fyrir 15. nóvember sent á netfang er birt skal á vefsíðu félagsins. Ef framboð til stjórnarsetu eru fleiri en þau sæti sem kjósa á um skal kjörnefnd hafa umsjón með kosningu milli frambjóðenda á aðalfundi og sjá til þess að framboð séu kynnt félagsmönnum fyrir aðalfund. Skal kjörnefnd gæta þess að jafnræði ríki við kynningu á frambjóðendum. Kjörnefnd getur án tillits til framboðsfrests hlutast til um að afla framboða frá félagsmönnum. Í störfum sínum skal kjörnefnd miða að því að í stjórn félagsins sitji hæfir einstaklingar af hvoru kyni og að hluti stjórnarmanna hafi reynslu af störfum fyrir félagið og þekkingu á starfsemi þess.

3. mgr. gildandi laga verður 4. mgr.

4. mgr. gildandi laga verður 5. mgr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

1. mgr. 9. gr. orðast svo: Félagsstjórn skipar þær nefndir sem starfa á vegum félagsins til eins árs í senn, nema aganefnd og kjörnefnd sem kosnar eru sérstaklega á aðalfundi á tveggja ára fresti. Stjórn getur skipað nefndir til skemmri tíma til að sinna sérstökum, tímabundnum verkefnum.

Ákvæði til bráðabirgða falla á brott.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gult er breytingartillaga

Blátt er núgildandi ákvæði

Lög Golfklúbbs Mosfellsbæjar

1. gr.

Heiti og markmið

Félagið heitir Golfklúbbur Mosfellsbæjar, skammstafað GM. Heimili þess og varnarþing er í Mosfellsbæ. GM er aðili að Ungmennasambandi Kjalarnesþings (UMSK) og Golfsambandi Íslands (GSÍ).

Markmið félagsins er að skapa félögum sínum aðstöðu til að iðka golf og vinna að kynningu og útbreiðslu golfíþróttarinnar.

Vallarsvæði félagsins eru Hlíðavöllur við Leirvog í Mosfellsbæ og Bakkakotsvöllur við Bakkakot í Mosfellsdal.

2. gr.

Félagsmenn

Félagið er opið öllum þeim sem starfa vilja innan vébanda þess í samræmi við gildandi lög og reglur þess.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða hámarksfjölda félagsmanna hverju sinni með hliðsjón af aðstöðu félagsmanna til golfiðkunar og álagi á vallarsvæði.

Stjórn er heimilt, í samráði við aganefnd félagsins, að synja umsókn um félagsaðild eða víkja félagi úr félaginu, enda sé ákvörðun rökstudd hverju sinni. Gerðarþoli getur skotið máli sínu til aðalfundar, sem úrskurðar þá endanlega í máli hans. Þó þarf 2/3 fundarmanna til að fella ákvörðun stjórnar og aganefndar.

Sækja skal um inngöngu í félagið rafrænt eða skriflega. Félagisstjórn getur ákveðið að setja þau skilyrði fyrir inngöngu í félagið að nýliðar sækji nýliðanámskeið til að læra undirstöðuatriði golfíþróttarinnar.

Úrsögn félagsmanna miðast við áramót og skal úrsögn send með sannanlegum hætti.

Úrsögn félagsmanna miðast við áramót og skal úrsögn send rafrænt eða skriflega til framkvæmdastjóra. Berist úrsögn ekki með sannanlegum hætti fyrir 1. júní ár hvert er stjórn heimilt að innheimta full árgjöld fyrir það ár.

3. gr.

Félagsgjöld

Stjórn félagsins ákveður félagsgjöld og leggur fyrir aðalfund til staðfestingar.

Stjórn félagsins skal leggja fyrir aðalfund hvert ár tillögur um félagsgjöld.

Heimilt er að ákveða að samhliða almennum einstaklingsgjöldum skuli innheimta sérstök afsláttargjöld, t.d. barna- og unglíngagjöld og gjöld fyrir eldri félagsmenn. Stjórn er heimilt að taka upp inntökugjald vegna nýrra félagsmanna. Þá er stjórn heimilt að fella niður eða

veita afslætti af félagsgjöldum í undantekningartilvikum þjóni það hagsmunum félagsins, svo sem þegar um sértækar aðgerðir til fjölgunar félagsmanna er að ræða.

Heimilt er að ákveða að samhliða almennum einstaklingsgjöldum skuli innheimta sérstök hjóna- eða fjölskyldugjöld, unglingagjöld, barnagjöld og gjöld fyrir félagsmenn sem eru 67 ára eða eldri. Stjórn félagsins er jafnframt heimilt að ákvarða sérstakan afslátt fyrir námsmenn og örorkulífeyrisþega samkvæmt umsókn þar um. Heimilt er að taka upp inntökugjald vegna nýrra félagsmanna. Stjórn er heimilt að fella niður félagsgjöld í undantekningartilvikum.

Heimilt er að ákvarða félagsgjöld í mismunandi flokkum sem veita leikheimild á einu tilgreindu vallarsvæði félagsins eða báðum. Þá er heimilt að ákvarða sérstök félagsgjöld sem veita leikheimild á fyrirfram ákveðnum tímum.

Heimilt er að fella félagsmann af félagaskrá vegna greiðslubrests. Stjórn félagsins getur sett nánari reglur um innheimtu félagsgjalda og viðurlög við greiðslubresti.

Gjalddagi félagsgjalda er 1. mars ár hvert. Heimilt er að fella félagsmann af félagaskrá hafi hann ekki greitt félagsgjald fyrir 1. maí. Stjórn félagsins getur sett nánari reglur um innheimtu gjaldanna og viðurlög við greiðslubresti.

4. gr.

Aðalfundur

Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrir 31. desember ár hvert og skal boða til hans með dagskrá með tölvupósti til félagsmanna og á vefsvæði félagsins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda í nóvember ár hvert og skal boða til hans með dagskrá með tölvupósti til félagsmanna og á vefsvæði félagsins með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Félaginu er skylt að halda lista og senda bréflaga út eftir honum fundarboð til þeirra félagsmanna sem það kjósa.

Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn fyrir 1. október og skulu þær kynntar í aðalfundarboði.

Heimilt er að bera upp á aðalfundi tillögur til breytinga á þeim lagabreytingatillögum sem kynntar hafa verið félagsmönnum. Þó er fundarstjóra heimilt að hafna því að taka slíkar breytingartillögur á dagskrá sé um veruleg efnisleg frávík að ræða frá upphaflegum tillögum.

Aðalfundur telst lögmaður ef löglega er til hans boðað.

5. gr.

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins.

3. Áritaðir reikningar kynntir.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar.

5. Lagabreytingar.

6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt.

7. Ákvörðun félagsgjalda.

8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna reikninga.

9. Kosning aganefndar og kjörnefndar.

10. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins.

3. Umræður um skýrslu stjórnar.

4. Reikningar, áritaðir af endurskoðanda, lagðir fram til samþykktar.

5. Lagabreytingar.

6. Kosning stjórnar, formanns og endurskoðenda.

7. Kosning aganefndar

8. Ákvörðun félagsgjalda.

9. Önnur mál.

6. gr.

Fundarsköp aðalfundar

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða úrslitum. Þó þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða til að breyta lögum félagsins. Atkvæðisrétt hafa allir félagsmenn sem hafa náð 18 ára aldri.

Fundarstjóra er heimilt að leggja til samþykktar boðun framhaldsaðalfundar telji hann þörf á slíku.

Stjórn er heimilt að leggja til boðun framhaldsaðalfundar sé talin þörf á slíku. Tillögu um slíkt þarf að bera fram og rökstyðja í upphafi aðalfundar. Þá þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða fullgildra fundarmanna eldri en 18 ára til að samþykkja slíkan fund.

Framhaldsaðalfundur skal fara fram innan fjögurra vikna frá aðalfundi og skal boðað til hans með sama hætti og til aðalfundar félagsins, en með að lágmarki þriggja daga fyrirvara.

Framhaldsaðalfundur skal fara fram innan þriggja mánaða frá aðalfundi og skal boðað til hans með sama hætti og til aðalfundar félagsins,

7. gr.

Félagsfundir

Stjórn félagsins boðar til almennra félagsfunda þegar þurfa þykir eða ef minnst 50 fullgildir félagsmenn óska þess skriflega. Skytt er að boða til félagsfundar þegar fyrir liggja meiriháttar ákvarðanir sem varða framtíð félagsins og fjárhagslegar skuldbindingar þess, sem nemi meira en helmingi félagsgjalda næstliðins árs. Boða skal til slíks fundar með sama fyrirkomulagi eins og um aðalfund væri að ræða og skal efni fundarins kynnt í fundarboði.

Á félagsfundum ræður afl atkvæða, nema um meiriháttar fjárskuldbindingar, en þá þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða fullgildra fundarmanna eldri en 18 ára.

8. gr.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri

Hlutverk stjórnarinnar er að framfylgja stefnumiðum félagsins eins og þau koma fyrir í 1. grein laganna.

Stjórn félagsins skipa sjö menn; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, þrír meðstjórnendur og fjórir til vara. Er hver þeirra um sig kosinn til eins árs í senn. Formann skal kjósa sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum. Ef þrír varamenn taka sæti í stjórn á milli aðalfunda, er kjörnefnd heimilt að leggja til boðun félagsfundar til að kjósa nýja varamenn.

Stjórn félagsins skipa sjö menn; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, þrír meðstjórnendur og fjórir til vara. Er hver þeirra um sig kosinn til eins árs í senn. Formann skal kjósa sérstaklega og aðra stjórnarmenn sameiginlega. Stjórnin skiptir með sér verkum. Ef stjórnarmaður segir sig frá stjórnarstörfum skal 1. varamaður í stjórn taka sæti hans og svo koll af kolli. Ef þrír varamenn taka sæti í stjórn á milli aðalfunda, er heimilt að boða til félagsfundar til að kjósa nýja varamenn.

Á aðalfundi skal kjósa þrjú félagsmenn í kjörnefnd til að annast framkvæmd kjörs til stjórnar félagsins á næsta aðalfundi. Framboð til formanns-, stjórnar- og varastjórnarkjörs skulu berast nefndinni fyrir 15. nóvember sent á netfang er birt skal á vefsíðu félagsins. Ef framboð til stjórnarsetu eru fleiri en þau sæti sem kjósa á um skal kjörnefnd hafa umsjón með kosningu milli frambjóðenda á aðalfundi og sjá til þess að framboð séu kynnt félagsmönnum fyrir aðalfund. Skal kjörnefnd gæta þess að jafnræði ríki við kynningu á frambjóðendum. Kjörnefnd getur án tillits til framboðsfrests hlutast til um að afla framboða frá félagsmönnum. Í störfum sínum skal kjörnefnd miða að því að í stjórn félagsins sitji hæfir einstaklingar af hvoru kyni og að hluti stjórnarmanna hafi reynslu af störfum fyrir félagið og þekkingu á starfsemi þess.

Kjörgengir sem stjórnarmenn eru allir atkvæðisbærir félagsmenn nema fastráðnir starfsmenn félagsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn.

9. gr.

Nefndir

Félagsstjórn skipar þær nefndir sem starfa á vegum félagsins til eins árs í senn, nema aganefnd og kjörnefnd sem kosnar eru sérstaklega á aðalfundi á tveggja ára fresti. Stjórn getur skipað nefndir til skemmri tíma til að sinna sérstökum, tímabundnum verkefnum.

Sex fastar nefndir starfa á vegum félagsins: mótanefnd, vallarnefnd, afreksnefnd, forgjafarnefnd, aganefnd og félagsnefnd. Félagsstjórn skipar nefndirnar til eins árs í senn, nema aganefnd sem kosin er sérstaklega á aðalfundi á tveggja ára fresti. Stjórnin getur skipað fleiri nefndir til að sinna sérstökum, tímabundnum verkefnum.

Félagsstjórn skal setja reglur um starfsemi nefnda félagsins. Þá er félagsstjórn heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga félagsins og starfsemi þess. Reglugerðir þessar öðlast gildi við birtingu þeirra á vefsvæði félagsins og ber félagsmönnum að virða þær.

10. gr.

Umgengnisreglur

Sérhverjum félagi er skylt að fara eftir þeim reglum sem settar eru um golfleik, umferð og umgengni á golfvöllum félagsins og í húsakynnum þess. Um störf og leik skal farið eftir golfreglum R&A og siðareglum ÍSÍ eins og þær eru á hverjum tíma. Félagisstjórn, í samráði við aganefnd, getur látið brot gegn settum reglum varða réttindamissi eða brottrekstri úr félaginu ef um ítrekaðar eða miklar sakir er að ræða.

11. gr.

Reikningsár

Reikningsár félagsins er frá 1. október til 30. september. Reikninga ber að leggja fram til samþykktar á aðalfundi.

12. gr.

Fundargerðir

Fundargerð aðalfundar, félagsfunda og stjórnarfunda skal rita í sérstaka fundargerðabók félagsins.

13. gr.

Félagsslit

Tillaga stjórnar um að félagið hætti störfum skal borin upp á sérstökum félagsfundi sem boða skal til með sama hætti og um aðalfund væri að ræða. Til lögmætis slíkrar ákvörðunar þarf helmingur skráðra félaga að vera á fundi og 2/3 hlutar þeirra að greiða tillögunni atkvæði sitt. Mæti ekki nægilega margir skal boða til annars fundar innan þriggja vikna og er hann þá ályktunarhæfur án tillits til fundarsóknar, sé löglega til hans boðað. Sama gildir ef sameina á félagið eða skipta því.

Ákvæði til bráðabirgða falla á brott.

Lög þessi öðlast þegar gildi.